


Ársskýrsla 2016



Ársfundur 11. maí 2017

Efnisyfirlit

Um Starfsmennt	3
Stjórn og starfsmenn	3
Starfsárið 2016	4
Fjármögnun og rekstur	5
Samstarfsaðilar og vefur Starfsmenntar	6
Þjónusta Starfsmenntar.....	7
Almenn námskeið og starfstengdar leiðir	8
Ráðgjöf til stofnana og einstaklinga	8
Ýmis þróunarverkefni	10
Lokaorð.....	12
Viðauki 1 - Skráningar á námskeið 2016	13
Almenn námskeið og námsleiðir	13
Forystufræðsla, nám fyrir trúnaðarmenn og starfsmenn BSRB og ASÍ	17
Gott að vita, námskeið SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.....	18

Um Starfsmennt

Fræðslusetrið Starfsmennt var stofnað árið 2001 og er samstarfsvettvangur fjármála- og efnahagsráðuneytis og flestra aðildarfélaganna BSRB um starfstengt nám, starfsþróun og ráðgjöf. Hlutverk setursins er að styðja færniþróun opinberra starfsmanna svo þeir séu betur í stakk búnir til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni og jafnframt að auka möguleika stofnana á að þróa starfsvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra á hverjum tíma.

Nám og ráðgjöf Starfsmenntar er stofnunum og starfsmönnum ríkisins að kostnaðarlausu ef um er að ræða þjónustu við starfsmenn sem eru félagsmenn í aðildarfélögum fræðslusetursins. Gerðir hafa verið samstarfssamningar við ýmsa mannauðssjóði bæjarstarfsmannafélaga, sjóði háskólamanna, annarra stéttarfélaganna og Fræðslusjóð til að fleiri hópar geti nýtt námskeiðin og að ráðgjöf til stofnana nái til sem flestra starfsmanna þeirra.

Stjórn og starfsmenn

Stjórn Starfsmenntar er skipuð eigendum setursins til jafns, tveimur fulltrúum frá stéttarfélögum og tveimur fulltrúum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Aðalmenn:

- Árni Stefán Jónsson formaður (SFR – stéttarfélag í almannaðjónustu)
- Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Arna Jakobína Björnsdóttir (KJÖLUR – stéttarfélag starfsmanna í almannaðjónustu)
- Ásgeir M. Kristinsson (fjármála- og efnahagsráðuneyti)

Varamenn:

- Jóhanna Þórdórsdóttir (SFR – stéttarfélag í almannaðjónustu)
- Einar Mar Þórðarson (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Þórveig Þormóðsdóttir (Félag starfsmanna stjórnarráðsins)

Stjórn hélt 6 fundi á árinu, þar af tvo með varamönnum og gestum. Ársfundur var haldinn 2. júní með varamönnum og annar sameiginlegur fundur stjórnar og varamanna var haldinn 10. desember.

Skoðunarmenn ársreikninga fyrir aðila setursins voru Guðný E. Leifsdóttir og Þorvaldur Egilsson. Löggiltir endurskoðendur voru frá endurskoðunarskrifstofunni Ernst & Young.

Framkvæmdastjóri Starfsmenntar var Hulda Anna Arnljótsdóttir, aðrir starfsmenn voru Björg Valsdóttir, Bergþóra Guðjónsdóttir og Sólborg Alda Pétursdóttir. Guðrún H. Sederholm sinnti sem fyrr náms- og starfsráðgjöf í verktöku en enginn mannauðsráðgjafi var starfandi hjá setrinu árið 2016 og var ráðgjöf til stofnana unnin í samvinnu verktaka og starfsmanna setursins.

Starfsárið 2016

Starfsemi Fræðslusetursins Starfsmenntar gekk vel árið 2016 þar sem aðsókn í nám og námskeið jókst til muna. Skráningar í nám voru 3.835 sem er 91% aukning frá fyrra ári þegar fjöldi skráninga var 2.011. Þar munar einna mestu um *Gott að vita* námskeið SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, en ákveðið var að Starfsmennt héldi utan um skráningar á þessi námskeið þótt þau væru ekki á vegum setursins sjálfs¹. Námskeið og námsleiðir, sem Starfsmennt bauð upp á, voru 202 árið 2016 á móti 148 árið 2015 og skráningum fjölgaði úr 1.971 í 2.692 sem er um 37% aukning. Þá fjölgaði einnig skráningum í forystufræðslu BSRB og ASÍ töluvert eins og sjá má í töflu 1². Heildarfjöldi skráninga varð því töluvert meiri árið 2016 en 2015 og má segja að rafræn sjálfsafgreiðsla hafi fengið jákvæð viðbrögð og þótt auðveld og aðgengileg.

Tafla 1. Fjöldi námsframboða og skráninga árin 2015 og 2016

	Árið 2016		Árið 2015	
	Náms- framboð	Skráning	Náms- framboð	Skráning
Almenn námskeið og námsleiðir	202	2.692	148	1.971
Forystufræðsla, nám fyrir trm. og stm. BSRB og ASÍ	21	204	6	40
Gott að vita, námskeið SFR og St.Rv.	77	939	–	–
Alls	300	3.835	154	2.011

Þátttaka dróst lítillega saman í almennum opnum námskeiðum sem voru mörg hver endurskoðuð en hins vegar jókst þátttaka í stofnananám enda sóttust fleiri stofnanir eftir því að setja upp nám í samstarfi við Starfsmennt. Þáttur starfstengds náms af heildarútgjöldum þjónustuliða hækkar hlutfallslega úr 42% í 50% milli ára. Starfsmennt kynnti vefinn og námsframboð víða og það skilaði sér í aukningu á svokölluðum farandfyrirlesturum sem eru sérsniðnir að þörfum stofnana sem styttri fræðsla.

Lengra stofnananám var haldið hjá Isavia, Frihöfninni, Tollstjóra og Járnsíða var endurvakin. Nám fyrir starfsmenn íþróttamannvirkja var sett upp í samstarfi við þrjú sveitarfélög og námsleiðin kynnt á sameiginlegum fundi forstöðumanna. Mjög góð þátttaka var í Félagsliðabréu og Launaskólann en nánast engin á Skrifstofubraut. Ný verkefni voru undirbúin eins og nám fyrir vaktavinnufólk, bókara, atvinnubílstjóra og verðandi lækningaritara.

Mörg almenn námskeið, sem haldin eru í samstarfi við aðra fræðsluaðila, voru endurskoðuð svo sem mannauðstjórnunarnám, nám fyrir stuðningsfulltrúa, verkefnastjóra og þjónustunámskeið fyrir framlínustarfsmenn. Aðsókn í fjarkennt tölvunám jókst ásamt starfstengdum tungumálanámskeiðum og námi fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum. Þá unnu starfsmenn með aðilum að setrinu að nýju námskerfi fyrir ríkisstarfsmenn sem ætlað er að einfalda námsframboð og skýra framgangsleiðir.

Vegur fjarkennslu jókst til muna og þróaðar voru leiðir til að bjóða upp á fjarkennslu og vefnám sem víðast. Aðstaða og tækni var betrumbætt ásamt því að nota námskerfi innri vefjar Starfsmenntar til að miðla gögnum og stýra samskiptum. Starfsfólk sinnti endurmenntun aðallega á sviði þróunar fjarkennslu og var sótt um styrk til vikunámsferðar erlendis til að kynna nýjum áherslum í fullorðinsfræðslu og var sú ferð undirbúin á árinu.

¹ Það að Starfsmennt héldi utan um skráningar á námskeiðin var gert í kynningarskyni til að auka umferð um nýjan vef fræðslusetursins og skráningarkerfi hans.

² Skráning í forystufræðslu BSRB og ASÍ er á vef Starfsmenntar og er ástæðan einnig sú að auka umferð um vefinn.

Ráðgjafaverkefnum fækkaði milli ára, bæði náms- og starfsráðgjöf og mannauðsráðgjöf innan stofnana og undirbúin var ráðning nýs mannauðsráðgjafa. Starfsmennt tók þátt í ýmsum samstarfs- og umbótaverkefnum á árinu sem m.a. miða að bættu verklagi og auknum gæðum. Meðal þeirra var raunfærnimat tanntækna sem unnið var í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífs, Félag tanntækna og Fjölbrotaskólann í Ármúla og gekk út á að meta raunfærni starfandi aðstoðarmanna tannlækna á móti kröfum námskrár FÁ. Þá hélt þátttaka Starfsmenntar í tilraunaverkefni um innleiðingu jafnlaunastaðalsins áfram og fólst hún m.a. í að halda utan um námskeið og ráðgjöf til stofnana og setu á fundum stýrihóps tilraunaverkefnisins.

Setrið fékk viðurkenningu sem framhaldsfræðslaðili frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og kom að þróun íslenska hæfnirammans, sem var staðfestur á árinu.

Fjármögnun og rekstur

Rekstrarafgangur var á árinu og sértekjur vegna náms aldrei hærri eða um 28 milljónir enda fjölgaði töluvert í hópi félagsmanna bæjarstarfsmannafélaga sem sóttu nám á vegum fræðslusetursins. Heildartekjur drógust saman milli ára um 26 milljónir, fóru úr rúmum 148 milljónum árið 2015 í rúmar 122 milljónir árið 2016. Þar munar mestu um framlag frá Þróunar- og símenntunarsjóði SFR og Fræðslusjóði framhaldsfræðslu. Framlag skv. skilagreinum stofnana hækkaði milli ára og nam tæpum 60% af heildartekjum setursins, þá hafa sértekjur vegna náms aldrei verið hærri og námu þær um 23% af rekstrartekjum setursins árið 2016. Hrein eign í árslok nam tæpum 56 milljónum króna.

Tafla 2. Hlutfallslegar rekstrartekjur setursins

	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010
Samkvæmt skilagreinum frá stofnunum	59%	44,1%	46,4%	59,4%	45,7%	50%	49%
Þróunar- og símenntunarsjóður SFR	16%	33,7%	30,2%	18,2%	23,7%	22%	33%
Þróunar- og símenntunarsjóður bæjarstarfsmannafélaga hjá ríkinu	1%	1,5%	1,8%	1,6%	1,4%	2%	4%
Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannatjónustu	1%	–	–	–	–	–	–
Námskeiðstekjur og verkefnastyrkir	23%	12%	13,4%	13,4%	16,2%	15%	10%
Fræðslusjóður /Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	0%	8,7%	8,2%	7,4%	1%3	11%	4%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Heildarútgjöld Starfsmenntar lækkuðu um þrjár milljónir milli ára, fóru úr 117 milljónum árið 2015 í 114 milljónir árið 2016. Hlutfallsleg skipting útgjalda var svipuð og verið hefur þar sem framlög til náms og þjónustliða vega þyngst í heildarútgjöldum setursins, sjá töflu 3.

Tafla 3. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda

	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010
Launakostnaður	36%	38%	37,7%	34,6%	28,8%	27%	21%
Annar rekstrarkostnaður	20%	17%	18,8%	20,1%	17%	17%	15%
Nám og þjónusta	44%	45%	43,5%	45,3%	54,2%	56%	64%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Samstarfsaðilar og vefur Starfsmenntar

Starfsmennt vinnur með fjölmörgum aðilum að framkvæmd náms til að mæta nýjum áherslum og takast á við breytingar í starfsumhverfi ríkisins og stofnana þess. Leitast er við að finna námsverkefnum sem skilvirkasta framkvæmd og því samið við fræðsluaðila, skóla, símenntunarmiðstöðvar og sérfræðinga um allt land til að halda utan um og tryggja gæði náms. Þetta tengslanet ásamt framsæknum námsvef Starfsmenntar gera það að verkum að hægt er að bjóða upp á starfstengda fræðslu í héraði og jafnvel beint heim í tölvu, þannig að búseta á ekki að vera hindrun í námi. Starfsmennt leggur áherslu á að stækka og efla tengslanet sitt með það fyrir augum að finna og nýta krafta fjölmargra sérfræðinga á sviði kennslu og ráðgjafar, til að koma til móts við örar breytingar og auknar kröfur sem gerðar eru til starfsfólks. Setrið vinnur líka með ytri hagsmunaaðilum að þróun og mótun stefnu í fullorðinsfræðslu svo sem öðrum fræðsluaðilum, fræðslusjóðum, sveitarfélögum, ráðuneytum, stofnunum og stéttarfélögum.

Starfsmennt vinnur einnig náið með stofnunum og veitir opinberum stofnunum heildstæða þjónustu á sviði mannauðs- og starfsþróunarmála. Setrið býður m.a. upp á aðstoð við að greina fræðsluþarfir og setja upp áætlun til að mæta þörfum starfsmanna og stofnana fyrir starfsþróun og fræðslu. Þannig hafa orðið til sérsniðnar námsleiðir fyrir stofnanir en einnig fyrir tiltekna fagstéttir og störf sem ganga þvert á stofnanir.

Til að auka sýnileika setursins, bæði meðal ríkisstofnana, opinberra starfsmanna og samstarfsaðila, stendur setrið fyrir öflugum kynningarstarfi svo sem með útgáfu námsvísa, veffréttabréfa, einblöðunga, auglýsinga og markhópapósta. Einnig er starfið kynnt á ráðstefnum, málþingum og með þátttöku í stefnumótandi verkefnum. Vefur fræðslusetursins hefur hlotið athygli en þar er haldið er utan um allar skráningar í nám, námsgögn eru vistuð og þátttakendur geta sótt viðurkenningarskjöl að námi loknu. Þjónustukönnun er gerð við lok hvers námskeiðs, hvort sem það er haldið hjá Starfsmennt, fræðsluaðilum, skólum eða á vinnustöðum og upptökur í vefnámi eru einnig aðgengilegar á lokuðum svæðum þátttakenda. Þá geta þátttakendur sótt námsferil sinn á sitt svæði, þ.e. yfirlit yfir öll námskeið sem þeir hafa sótt á vegum Starfsmenntar og lokið á fullnægjandi máta.


Heildarfjöldi skráninga árið 2016 var 3.835 og skiptist hann þannig að 70% heildarfjöldi skráninga var vegna námskeiða á vegum Starfsmenntar, um fjórðungur var vegna námskeiða SFR og St.Rvk. og 5% skráninga var vegna forystufræðslu BSRB og ASÍ.

Þjónusta Starfsmenntar


Þjónusta Starfsmenntar snýr annars vegar að því að greiða leið opinberra starfsmanna og starfsmannahópa að ýmis konar fræðslu svo sem almennum námskeiðum, sem miða að því að efla alhliða starfshæfni, og lengri sérhæfðari námsleiðum, sem byggja á námslýsingum sem setrið vinnur með starfsfólki og stjórnendum. Þá aðstoðar setrið einnig félagsmenn aðildarfélaga við að komast í starfsnám innan framhaldsskólanna sem tengist starfsvettvangi þeirra. Hins vegar snýr þjónusta Starfsmenntar að ráðgjöf til stofnana og stjórnenda um ýmis mannauðstengd efni, svo sem vinnustaðagreiningar, greiningu á hæfnikröfum starfa og fræðsluþörf stofnana. Afurðir geta verið fræðsluáætlanir með ábendingum og tillögum að námskeiðum og fræðslu sem hægt er að setja saman úr fjölda farandfyrirlestra á vegum setursins. Fyrirlestrarnir miða m.a. að því að efla starfsanda og starfshæfni, styrkja mannauðsstjórnun og auka vitund um mikilvægi símenntunar og starfsþróunar. Verkefni eru unnin í samstarfi við ýmsa fræðslu- og mannauðssjóði eins og Þróunar- og símenntunarsjóð SFR, Mannauðssjóð KJALAR, Mannauðssjóð Samflotsins og Mannauðssjóð KSG, bæjarstarfsmannafélög Kópavogs, Garðabæjar og Suðurnesja. Einnig semur setrið við Starfsþróunarsetur háskólamanna og fræðslusjóði SGS félaga (Ríkismennt), með það fyrir augum að greiða aðgengi starfsfólks í nám og auðvelda stofnunum og fyrirtækjum að samnýta nám og ráðgjöf.

Hlutfallsleg skipting þjónustuliða er nokkuð svipuð milli ára. Þannig eru starfstengdar námsleiðir stofnana og starfsgreina stærsti þjónustuliðurinn með um helming hlut en hlutfall almennra námskeiða minnkar nokkuð fer úr 34% árið 2015 í 27% árið 2016. Hlutfall fjarkennds tölvunáms er svipað en ráðgjafa- og þróunarverkefni dragast saman milli ára og skýrist það að einhverju leyti af því að enginn mannauðsráðgjafi var starfandi árið 2016.

Hlutfallsleg skipting þjónustuliða árið 2016



Hlutfallsleg skipting þjónustuliða árið 2015



Almenn námskeið og starfstengdar leiðir

Nám Starfsmenntar skiptist ýmist í námskeið sem eru opin öllum, námskeið sem eru sérsniðin fyrir stofnanir, nám starfsgreina sem ganga þvert á vinnustaði og nám um kjör og velferð sem tengjast umbótaverkefnum eins jafnlaunastaðli. Nokkur aukning var í nám Starfsmenntar milli ára, þannig jókst eins og fyrr segir framboð námstilboða úr 148 árið 2015 í 202 árið 2016 og færri námskeið voru felld niður árið 2016 vegna lélegrar þátttöku heldur en árið á undan. Skráningum fjölgaði úr 1.971 í 2.692 milli ára sem er um 37% aukning. Ástæður aukningarinnar má m.a. rekja til aukins áhuga á námskeiðum sem styðja við og auðvelda innleiðingu jafnlaunastaðals og fjölgunar námskeiða fyrir starfsmenn sveitarfélaga.

Nám Starfsmenntar er félagsmönnum aðildarfélaganna og samstarfssjóða að kostnaðarlausu en aðrir greiða námskeiðsgjöld. Af heildarfjölda skráninga voru um 40% námsmanna úr röðum félagsmanna SFR árið 2016 sem er samdráttur frá árinu 2015 þegar skráningar SFR félaga námu 46% af heildarskráningum. Ástæðu þessa má rekja til hækkandi hlutfalls starfsmanna Kópavogs, Suðurnesja og Garðabæjar en það jókst úr 2% í 9% milli áranna 2015 og 2016. Hlutfall skráninga frá aðildarfélögum Samflotsins jókst einnig og var 9% árið 2016 á móti 6% árið á undan. Hlutfall félagsmanna aðildarfélaganna ASÍ fór einnig hækkandi, úr 4% í 7% milli ára en hlutfall háskólamenntaðra lækkaði nokkuð eða úr 15% heildarskráninga árið 2016 í 8% árið 2015, sjá nánar í töflu 4.

Tafla 4. Fjöldi skráninga eftir stéttarfélögum 2016

	Skráningar alls	Hlutfall af heildar- skráningu
SFR	1.534	40%
FFR	51	1%
FSS	24	1%
Kjölur	97	3%
KSG	333	9%
Samflot	337	9%
Starfsmannafélag Rvík.	477	12%
BSRB	69	2%
ASÍ	263	7%
BHM	317	8%
Aðrir	333	9%
Alls	3.835	100%

Ráðgjöf til stofnana og einstaklinga

Starfsmennt býður stofnunum upp á ráðgjöf á sviði mannauðsstjórnunar. Niðurstöður ráðgjafaverkefnanna hafa styrkt tengsl Starfsmenntar út á við og nýst m.a. til þróunar nýrra námsleiða og þjónustutilboða. Þar sem enginn mannauðsráðgjafi var starfandi hjá setrinu allt árið 2016, stýrðu aðrir starfsmenn þessum verkefnum og fengu verktaka stundum til liðs við sig. Helstu viðfangsefni mannauðsráðgjafarinnar eru vinnustaðagreiningar, greiningar á fræðsluþörfum, uppsetning stofnana náms, hæfnigreiningar starfa, starfsþróunaráætlanir og aðstoð við gerð mannauðsstefnu. Þá hafa ráðgjafarnir einnig aðstoðað við innleiðingu starfsmannasamtala og komið að margskonar styttri fræðslu innan stofnana. Árið 2016 var unnið að eftirfarandi ráðgjafaverkefnum:

Ráðgjafi að láni - Barnaverndarstofa

Tekin voru rýnihópaviðtöl við starfsmenn Barnaverndarstofu og unnin starfsþróunarstefna og lögð drög að símenntunaráætlun stofnunarinnar.

Ráðgjafi að láni - Fiskistofa

Verkefnið fólst í að greina hæfnikröfur starfa og fræðsluþarfir starfshópa. Unnið var með sex rýnihópum sem í sátu fulltrúar starfshópa og sviða og var afurðin fræðsluáætlun fyrir þessa hópa.

Ráðgjafi að láni - Hafnarfjarðarbær

Verkefnið fólst í greiningu fræðsluþarfa fyrir fjóra starfshópa og framsetningu símenntunaráætlunar í samræmi við niðurstöður þarfagreiningar. Verkefnið var unnið í samstarfi við Mannauðssjóð Samflots.

Ráðgjafi að láni - Listasafn Íslands

Gerður var samningur um greiningu á fræðsluþörfum starfsmanna safnsins og hófst vinnan í október 2016. Afurð verkefnisins verður starfsþróunaráætlun og ábendingar til stjórnenda um heppilegar leiðir og námskeið til að mæta fræðsluþörfum starfsmanna.

Ráðgjafi að láni - Matvælastofnun Íslands

Undirbúningur var hafinn að ráðgjafaverkefni en þar sem mannauðsstjóri Matvælastofnunar hvarf til annarra starfa var verkefnið sett í bið.

Ráðgjafi að láni - Sýslumannsembættin


Undirbúningur hófst að greiningarvinnu hjá sýslumannsembættum þar sem hæfnikröfur starfa skyldu greindar og lagðar fram tillögur að samræmdum starfslýsingum hjá þremur sýslumannsembættum, Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, Sýslumanninum á Suðurlandi og Sýslumanninum á Norðurlandi vestra. Leitast verður við að nýta niðurstöðurnar hjá öðrum sýslumannsembættum og eins verður hægt að vinna fræðsluáætlun með hliðsjón af greiningunni við lok verkefnisins.

Ráðgjafi að láni - Vinnueftirlit Íslands

Verkefnið náði til starfsmanna í framlínu stofnunarinnar og stjórnenda sem hafa yfirumsjón með þjónustunni. Markmið ráðgjafavinnunnar var að móta þjónustustefnu viðkomandi starfa, þróa grunnverkferla og setja fram aðgerðaáætlun fyrir starfsmenn að vinna eftir. Verkið var unnið í verktöku af Margréti Reynisdóttur hjá Gerum betur ehf. Félagsmönnum aðildarfélaga að Starfsmennt var boðið að taka stutt vefnámskeið um 20 góð ráð í þjónustustjórnun á vegum Starfsmenntar til að styðja við framkvæmd þjónustustefnunnar.

Náms- og starfsráðgjöf til einstaklinga

Náms- og starfsráðgjöf stóð félagsmönnum stéttarféлага innan heildarsamtaka BSRB til boða á árinu. Alls nýttu 44 einstaklingar sér þjónustuna og komu flestir oftast en einu sinni. Árið 2016 varð því heildarfjöldi viðtala 85 sem er þó töluvert færri viðtöl en voru árið á undan þegar þau voru 227. Flest voru þau 294 árið 2012 en svipuð að fjöldi árin 2013 (185) og 2014 (189).



Meirihluti þeirra 85 viðtala sem fóru fram hjá Starfsmennt árið 2016 voru sótt af félagsmönnum stéttarféлага innan BSRB eða tvö af hverjum þremur og um þriðjungur viðtala var sóttur af félagsmönnum aðildarfélaga ASÍ.

Ráðgjafarþjónusta við einstaklinga hefur verið kostuð með framlagi frá Fræðslusjóði og er hún fyrst og fremst ætluð markhópi laga nr. 27/2010, um framhaldsfræðslu. Af þeim sem sóttu náms- og starfsráðgjöf til Starfsmenntar árið 2016 voru 59% úr markhópi framhaldsfræðslulaga, 30% ráðþega höfðu lokið prófi á framhaldsskólastigi og 11% voru með háskólapróf. Um fjórðungur ráðþega voru á aldursbilinu 19-39 ára, tæplega 60% þeirra á aldrinum 40-55 ára og um 18% eldri en 55 ára. Mikill meirihluti ráðþega árið 2016 voru konur eða átta af hverjum tíu og langflestir voru í starfi eða um 73% ráðþega. Rétt tæp 27% ráðþega voru í atvinnuleit en allir óskuðu þjónustunnar að eigin frumkvæði enda atvinnuleitendum ekki lengur skylt að leita sér ráðgjafar.

Helstu ástæður komu í ráðgjöf voru að fá aðstoð við gerð ferilskrár og bréfa vegna atvinnuleitar sem og að gangast undir áhugasviðspróf. Nokkur fjöldi kom vegna stjálfsstyrkingar eða til að leita upplýsinga, en markmið ráðgjafarinnar er m.a. að veita upplýsingar um hinar ýmsu námsleiðir sem eru í boði bæði innan formlega skólakerfisins, hjá Starfsmennt og símenntunarmiðstöðvum.

Ýmis þróunarverkefni

Fræðslusetrið Starfsmennt sinnir ýmsum þróunarverkefnum á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar.

Raunfærnimat tanntækna

Raunfærnimati tanntækna lauk á árinu 2016 en á haustdögum 2014 fór Starfsmennt, í samstarfi við Félag tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna ásamt Fjölbrautaskólanum við Ármúla, af stað með raunfærnimat fyrir aðstoðarfólk tannlækna (tanntækna). Þátttakendur í verkefninu urðu 28 eða mun fleiri en upphaflega var gert ráð fyrir. Alls luku 19 þátttakendur raunfærnimati á árinu 2015 en það skorti fé til að þeir níu sem eftir voru gætu lokið því. Aukafjárveiting fékkst til að ljúka verkefninu og lauk því formlega í maí 2016. Verkefnið var fjármagnað af Fræðslumiðstöð atvinnulífs (FA) og var hluti af IPA verkefni FA um þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun.

Starfsþróunarnefnd sveitarfélaga

Framkvæmdastjóri fundaði með nýskipaðri starfsþróunarnefnd sveitarfélaga og kynnti starf Starfsmenntar. Nefndin hefur m.a. það hlutverk að vera sameignlegur vettvangur til eflingar tækifæra starfsmanna sveitarfélaga til framhaldsfræðslu og að stuðla að þróun og framboði námsleiða sem sérsniðnar eru að þörfum sveitarfélaga.

Jafnlaunastaðall

Starfsmennt hefur undanfarið tekið þátt í tilraunaverkefni um innleiðingu jafnlaunastaðals og hefur sú þátttaka m.a. falist í að halda utan um námskeið og ráðgjöf um innleiðingu jafnlaunakerfisins og sitja fundi í stýrihópi tilraunaverkefnisins. Verkefninu er stýrt af aðgerðahópi stjórnvalda, velferðaráðuneyti og hagsmunaaðilum á vinnumarkaði.

Hæfniramma menntunar

Í október lauk mikilvægum áfanga í innleiðingu íslenska hæfnirammans þegar mennta- og menningarmálaráðuneyti, ASÍ, Samtök atvinnulífsins, BSRB, Kvasir, Leikn, BHM, Samtök íslenskra framhaldsskólanema og Landssamtök íslenskra stúdenta undirrituðu yfirlýsingu um hæfniramma um íslenska menntun sem ætlað er að endurspeglar stigvaxandi hæfnikröfur í formlegu og óformlegu námi á Íslandi. Undirritunin markaði tímamót hvað varðar áherslu á sýnileika ævilangrar menntunar sem fer fram bæði við nám og störf en hæfniramminn nýtist fyrst og fremst sem tenging milli formlegs og óformlegs náms. Aðilar yfirlýsingarinnar eru samábyrgir fyrir innleiðingu og kynningu á hæfniramma og leggja sérstaka áherslu á að þróaðar verði aðferðir við að skilgreina námslok og tengja óformlegt nám við hæfniprep rammans.

Hæfniramminn hefur tvíþættan tilgang; annars vegar að auka gagnsæi innan menntakerfis viðkomandi lands og hinsvegar að auka gagnsæi milli evrópskra menntakerfa. Íslenski hæfniramminn telur sjö hæfniprep og endurspegla hækkandi þrep auknar hæfnikröfur. Þrepin endurspegla þær kröfur sem gerðar eru til einstaklingsins er varða þekkingu, leikni og hæfni í verkefnum, vinnu og samskiptum. Hæfniramminn eykur þannig gagnsæi og varpar ljósi á þá hæfni sem einstaklingur býr yfir að loknu námi á tilteknu þrepi. Upplýsingar um hæfni má t.a.m. nýta í ferilskrá, við starfsþróun og í umsókn um nám. Undanfarin ár hefur Starfsmennt tekið þátt í að endurskrifa og hanna þreपालýsingar fyrir framhalds- og fullorðinsfræðslu þannig að auðveldara sé að ákveða starfsþróun út frá rammanum og efla um leið raunfærnimatsvinnu.

Vaktavinna og lýðheilsa

Hönnun náms um vaktavinnu og lýðheilsu og framkvæmd þess byggir á bókun með samkomulagi BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá júlí 2014. Stjórn Starfsmenntar samþykkti aðkomu fræðslusetursins á fundi sínum 13. október 2014, enda átti ríkið fulltrúa í vinnuhópi um málið og því þótti upplagt að samhæfa vinnu og hugmyndafræði um vaktaskipulag þvert á kerfi. Stýrihópur var settur á laggirnar og var hann skipaður fulltrúum frá BSRB, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Reykjavíkurborg og Starfsgreinasambandi. Framkvæmdastjóri Starfsmenntar vann með hópnum og hélt m.a. utan um vinnu rýnihópa og árið 2015 var útbúin námskrá með lýsingu á 30 klst. heildstæðu námskeiði, sem hvert er sett saman úr þremur lotum. Fjögur námskeið voru haldin en aðsókn í námið var töluvert minni en gert var ráð fyrir í upphafi. Þegar upp var staðið höfðu einungis 22 einstaklingar lokið öllu lotunum þremur, þ.e. námskeiðinu að fullu. Nokkru fleiri höfðu tekið einstaka lotu, þannig lauk 51 einstaklingur lotu 1, 31 einstaklingur lauk lotu 2 og 27 einstaklingar luku lotu 3. Um tilraunakeyrslu var að ræða og því liggur fyrir að stýrihópur ákveði hvert verði framhaldið.

Námsvefur Starfsmenntar

Námsvefur Starfsmenntar sem tekinn var í notkun árið 2015, hefur vakið athygli meðal notenda og annarra símenntunarmiðstöðva og er í stöðugri þróun m.a. með hliðsjón af því hvernig hann nýtist í fjarnámi. Á komandi misserum verður leitað eftir samstarfi við erlenda aðila um þróun aðferðafræði náms með aðstoð rafrænna miðla.

Lokaorð

Starfsárið 2016 einkenndist af mikilli aukningu skráninga í nám en nokkrum samdrætti í verkefnum á sviði ráðgjafabjónustu bæði til stofnana og einstaklinga. Öll starfsemi er að færast í fastari skorður eftir flutninga. Aðstaða til fundahalds og kennslu er mjög góð og Starfsmennt hefur nú betri möguleika en áður að halda fámennari námskeið hjá sér og þróa margskonar fjarkennsluleiðir. Húsnæðið var endurhannað og lagfært til að mæta þörfum vaxandi starfsemi. Opnun nýrrar heimasíðu og uppsetning nýs vefkerfis sem heldur vel utan um allt nám styrkir einnig grunnþjónustu setursins. Í því þróunarverkefni var horft til nýjunga í framsetningu náms m.a. fjarnáms og allt utanumhald gert aðgengilegt og skilvirkt um leið og fjölbreyttar samskiptaleiðir voru þróaðar. Ef vel tekst til með kynningar á möguleikum námskerfisins og þróun nýrra kennslu- og samskiptahátta þá á setrið að geta náð til fleiri þátttakenda með þjónustu sinni og styrkt stofnananám í sessi.

Fræðslusetrið hefur hlotið vottun mennta- og menningarmálaráðuneytis sem viðurkenndur fræðsluaðili á sviði framhaldsfræðslu og mun leitast eftir endurnýjun gæðavottunar EQM um leið og hægt er.

Aðsókn í nám jókst milli ára en ráðgjafabjónusta á sviði mannauðsstjórnunar var minni þar sem enginn mannauðsráðgjafi var starfandi hjá setrinu á árinu. Ýmis þróunarverkefni voru unnin og önnur undirbúin þannig að sóknarfæri eru mörg. Meðal þess sem þarf að huga að er hvernig á að haga kynningarstarfi þar sem næst til stjórnenda ríkisstofnana, bæði stórra sem smárra. Þá er einnig rétt að huga að víðu samstarfi til að læra af öðrum um hvernig best verði hlúð að mannauði ríkisins og annarra opinberra aðila.

Nýr námsvefur Starfsmenntar felur í sér marga vaxtarsprotu sem auka skýrleika í framsetningu náms og utanumhaldi þekkingar. Vefurinn hentar starfsfólki, stjórnendum, sérfræðingum og fræðsluaðilum og hefur alla burði til að efla námsmenningu samhliða annarri styrkja- og stoðþjónustu. Til þess að starfsmenn geti sinnt störfum sínum sem best og tekist á við breytingar, auknar kröfur og tileinkað sér nýjungar þarf aðgangur að heildstæðu, sveigjanlegu námi sem mætir þörfum starfsfólks og stjórnenda að vera fyrir hendi. Starfsmennt byggir á langri reynslu af faglegrri nálgun í námi og ráðgjöf og getur því áfram verið leiðandi og framsækið afl sem styður við menntun, breytingar og þróun starfa hjá stofnunum.

Viðauki 1 - Skráningar á námskeið 2016

Almenn námskeið og námsleiðir

Fj.	Námskeið	Dagsetning	Fjöldi þátttakenda	Lengd (klst)
1	20 góð ráð í þjónustusímsvörun - Vefnámskeið	11/8/2016	28	10
2	20 góð ráð í þjónustusímsvörun - Vefnámskeið	10/3/2016	11	10
3	20 góð ráð í þjónustusímsvörun - Vefnámskeið	3/2/2016	6	10
4	20 góð ráð í þjónustusímsvörun - Vefnámskeið	1/27/2016	4	10
5	8 lykklar að árangursríkum tölvupóstsamskiptum - Vefnámskeið	11/8/2016	7	10
6	8 lykklar að árangursríkum tölvupóstsamskiptum - Vefnámskeið	10/3/2016	5	10
7	8 lykklar að árangursríkum tölvupóstsamskiptum - Vefnámskeið	3/2/2016	4	10
8	8 lykklar að árangursríkum tölvupóstsamskiptum - Vefnámskeið	1/27/2016	12	10
9	Að tjá sig án kvíða	2/18/2016	5	10
10	Almennt tölvunám, grunnur - Vefnámskeið	9/20/2016	14	60
11	Almennt tölvunám, grunnur - Vefnámskeið	2/9/2016	22	60
12	Árangursrík framsögn og tjáning	10/10/2016	10	6
13	Árangursrík framsögn og tjáning	4/28/2016	4	6
14	Árangursrík framsögn og tjáning	2/18/2016	1	6
15	Árangursrík kennsla - Einnig fjarkennt	2/18/2016	0	12
16	Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum	9/26/2016	5	12
17	Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum	2/8/2016	3	12
18	Danska fyrir byrjendur	10/18/2016	2	11
19	Danska fyrir byrjendur	2/16/2016	2	11
20	Danska II	4/11/2016	0	12
21	Endurmenntun atvinnubílstjóra - Keilir - haust	Haustönn	7	
22	Enska fyrir atvinnulífið - Hafnarfjörður	10/18/2016	9	12
23	Enska fyrir atvinnulífið - Hafnarfjörður	2/8/2016	5	12
24	Enska fyrir atvinnulífið - talmál fyrir byrjendur - Ísafjörður	10/12/2016	0	16
25	Excel töflureiknir - grunnur - Vefnámskeið	4/19/2016	20	18
26	Excel töflureiknir, framhald - Vefnámskeið	11/30/2016	9	18
27	Excel töflureiknir, grunnur - Vefnámskeið	10/4/2016	33	18
28	Excel, framhald - Vefnámskeið	3/3/2016	16	18
29	Ég og starfið - Einnig fjarkennt	2/17/2016	1	24
30	Félagssliðabré - haust BHS	Haustönn	38	
31	Félagssliðabré - haust Fræðslunetið Selfossi	Haustönn	1	
32	Félagssliðabré - haust MSS	Haustönn	2	
33	Félagssliðabré - vor BHS	Vorönn	39	
34	Félagssliðabré - vor Fræðslunetið Selfossi	Vorönn	9	
35	Fjármál og rekstur - Einnig fjarkennt	9/16/2016	3	60
36	Fjármál og rekstur - Einnig fjarkennt	2/1/2016	1	60
37	Fjár sjóður Google og vefgerð - Vefnámskeið	11/30/2016	14	18
38	Fjár sjóður Google og vefgerð - Vefnámskeið	3/31/2016	18	18
39	Flensborg - Að takast á við erfiða einstaklinga	11/2/2016	15	3
40	Frihafnarskólinn - Starfsandi og samstarfsvilji	1/7/2016	20	30
41	Frihafnarskólinn - Starfsandi og samstarfsvilji	1/7/2016	0	30
42	Frihafnarskólinn - Starfsandi og samstarfsvilji	1/5/2016	15	30
43	Frihafnarskólinn - Starfsandi og samstarfsvilji	1/5/2016	22	30
44	Frihafnarskólinn Vakt B2 - Starfsandi og samstarfsvilji - Eftir hádegi	1/7/2016	0	30
45	Frihafnarskólinn - Starfsandi og samstarfsvilji - Sumarstarfsmenn	5/18/2017	38	6
46	Gerð verklagsreglna og annarra skjala í gæðakerfum	5/25/2016	18	3
47	Gerð verklagsreglna og annarra skjala í gæðakerfum	2/16/2016	15	3

48	Gerð verklagsreglna og annarra skjala í gæðakerfum - Akureyri	11/7/2016	20	3
49	Gerð verklagsreglna og annarra skjala í gæðakerfum - Einnig fjarkennt	11/3/2016	10	3
50	Hafnarfjörður - Einelti á vinnustað	10/13/2016	24	3
51	Hafnarfjörður - Framsetning og miðlun upplýsinga	12/8/2016	10	3
52	Hafnarfjörður - Krefjandi samskipti - Fyrir hádegi	11/21/2016	80	3
53	Hafnarfjörður - Krefjandi samskipti - Eftir hádegi	11/21/2016	28	3
54	Hafnarfjörður - Sjálfstyrking og starfsánægja / Sterk liðsheild og jákvæður starfsandi	6/14/2016	0	6
55	Hafnarfjörður - Sjálfstyrking og starfsánægja / Sterk liðsheild og jákvæður starfsandi	6/13/2016	42	6
56	Hafnarfjörður - Sjálfstyrking og starfsánægja / Sterk liðsheild og jákvæður starfsandi	5/26/2016	11	6
57	Háskóli Íslands - Að takast á við erfiða einstaklinga	11/24/2016	6	3
58	Háskóli Íslands - Að takast á við erfiða einstaklinga	11/22/2016	13	3
59	Háskóli Íslands - Sjálfstraust, sjálfsmynd og starfsandi	11/1/2016	8	3
60	Háskóli Íslands - Sjálfstraust, sjálfsmynd og starfsandi	10/20/2016	4	3
61	Heyrnar- og talmeinaáæðin - Excel töflureiknir	4/14/2016	8	18
62	Hugarkort, Mind Mapping - Vefnámskeið	10/18/2016	11	18
63	Hugarkort, Mind Mapping - Vefnámskeið	4/14/2016	7	18
64	Isavia - Árangursrík kennsla	12/13/2016	21	15
65	Isavia - Betri tímastjórnun - Hópur 1 - Valnámskeið - Reykjanesbær	11/9/2016	18	4
66	Isavia - Betri tímastjórnun - Hópur 2 - Valnámskeið - Reykjanesbær	11/7/2016	12	4
67	Isavia - Erfið starfsmannamál - Hópur 1 - Valnámskeið - Reykjanesbær	11/10/2016	14	6
68	Isavia - Erfið starfsmannamál - Hópur 2 - Valnámskeið - Reykjanesbær	11/8/2016	9	6
69	Isavia - Jafningjastjórnun og móttaka nýliða - Hópur 1 - Reykjanesbær	10/17/2016	22	12
70	Isavia - Jafningjastjórnun og móttaka nýliða - Hópur 2 - Reykjanesbær	10/24/2016	21	12
71	Jafnlaunastaðall - Gæðastjórnun og skjölun	2/17/2016	10	3
72	Jafnlaunastaðall - Gæðastjórnun og skjölun - Einnig fjarkennt		7	3
73	Jafnlaunastaðall - Gæðastjórnun og skjölun - Einnig fjarkennt	5/23/2016	18	3
74	Jafnlaunastaðall - Kynning á jafnlaunastaðli og inngangur	1/27/2016	14	3
75	Jafnlaunastaðall - Kynning á jafnlaunastaðli og inngangur - Einnig fjarkennt	10/5/2016	11	3
76	Jafnlaunastaðall - Kynning á jafnlaunastaðli og inngangur - Einnig fjarkennt	4/27/2016	17	3
77	Jafnlaunastaðall - Launagreining	2/10/2016	13	3
78	Jafnlaunastaðall - Launagreining - Einnig fjarkennt	10/20/2016	7	3
79	Jafnlaunastaðall - Launagreining - Einnig fjarkennt	5/11/2016	19	3
80	Jafnlaunastaðall - Starfaflokkun	2/3/2016	16	3
81	Jafnlaunastaðall - Starfaflokkun - Einnig fjarkennt	10/13/2016	9	3
82	Jafnlaunastaðall - Starfaflokkun - Einnig fjarkennt	5/4/2016	20	3
83	Jákvæð sálfræði og styrkleikabjálfun (Coaching) - Nýttu styrkleika þína á nýjan hátt	10/18/2016	23	10
84	Jákvæð sálfræði og styrkleikabjálfun (Coaching) - Nýttu styrkleika þína á nýjan hátt	2/18/2016	16	10
85	Landsbókasafn - Að veita góða þjónustu	1/12/2016	12	3
86	Landsbókasafn - Að veita góða þjónustu	1/7/2016	12	3
87	Landsbókasafn - Áhrifaríkar kynningar, framsetning og flutningur	3/1/2016	15	2
88	Landsbókasafn - Textagerð og framsetning efnis	3/2/2016	14	2
89	Launaskólinn - Þema I - Opinber vinnumarkaður, ráðning, starfslok og starfsskyldur - Einnig fjarkennt	10/10/2016	23	17,5

90	Launaskólinn - Þema II - Vinnutími og afgreiðsla launa - Grunnnámskeið - Einnig fjarkennt	9/22/2016	19	12
91	Launaskólinn - Þema II Starfsfólk framhaldsskóla - sérstakir launaútreikningar - Einnig fjarkennt	9/16/2016	2	4,5
92	Launaskólinn - Þema II Starfsfólk grunnskóla - sérstakir launaútreikningar - Einnig fjarkennt	9/15/2016	7	4,5
93	Launaskólinn - Þema II Vaktavinna, bakvaktir og afbrigðilegur vinnutími - Einnig fjarkennt	9/14/2016	8	6
94	Launaskólinn - Þema IV - Mannauður og hæfni	2/10/2016	14	18
95	Mannauðsmál hjá ríkinu - Stjórnunarréttur og starfsskyldur - Einnig fjarkennt	11/15/2016	7	8
96	Myndvinnsla og myndavélar - Vefnámskeið	12/7/2016	8	18
97	Myndvinnsla og myndavélar - Vefnámskeið	3/31/2016	14	18
98	Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum	2/22/2016	18	40
99	Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum - Einnig fjarkennt	10/24/2016	26	40
100	Outlook / Verkefna- og tímastjórnun - Vefnámskeið	11/30/2016	14	18
101	Outlook / Verkefna- og tímastjórnun - Vefnámskeið	2/9/2016	16	18
102	Photoshop - Vefnámskeið	10/18/2016	16	18
103	PowerPoint / Margmiðlun og kynningar - Vefnámskeið	10/11/2016	0	18
104	PowerPoint / Margmiðlun og kynningar - Vefnámskeið	3/3/2016	3	18
105	Prufa - viðburður 13 jan	1/14/2016	1	
106	Rekspölur 1 - Einnig fjarkennt	11/11/2016	12	45
107	Rekspölur 2	4/8/2016	11	45
108	Samgöngustofa - Að auka vellíðan í lífi og starfi	12/20/2016	21	3
109	SDS - Einelti á vinnustað	11/14/2016	29	3
110	Seljudalur - Betri og árangursríkari samskipti - Reykjanes	8/17/2016	17	3
111	Seljudalur - Viðhorf, virðing og fjölbreytileiki	11/23/2016	17	3
112	Skrifstofubraut í fjarnámi eða staðbundnu námi	1/4/2016	5	
113	Sorpa - Að takast á við erfiða viðskiptavini	5/11/2016	23	3
114	Sorpa - Að vera góður starfsfóstri	5/27/2016	21	3
115	Sorpa - Að vera góður starfsfóstri	5/25/2016	22	3
116	SSH - Álag og streita	11/17/2016	31	3
117	SSH - Hugmyndafræði fötlunar	10/20/2016	44	3
118	SSH - Líkamsbeiting	5/12/2016	33	3
119	SSH - Nauðung	11/3/2016	28	3
120	SSH - Sjálfstyrking og starfsánægja	10/6/2016	17	3
121	SSH - Skyndihjálp - upprifjun	9/21/2016	30	3
122	SSH - Varnarviðbrögð	9/8/2016	17	3
123	Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám	4/25/2016	25	63
124	Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám	4/18/2016	0	63
125	Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnnám - Einnig fjarkennt	9/5/2016	4	122
126	Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnnám - Einnig fjarkennt	2/1/2016	28	122
127	Stjórnarfundir Leiknar	1/26/2016	7	
128	Tollstjóri - Árangursrík samskipti	2/4/2016	16	3
129	Tollstjóri - Árangursrík samskipti	1/6/2016	13	10
130	Tollstjóri - Ógnandi hegðun	2/11/2016	17	2
131	Tollstjóri - Ógnandi hegðun	2/9/2016	16	2
132	Tollstjóri - Ógnandi hegðun	2/2/2016	17	2
133	Tollstjóri - Starfstengd enska - hópur 1A	2/23/2016	5	16
134	Tollstjóri - Starfstengd enska - hópur 1B	2/23/2016	7	16
135	Tollstjóri - Starfstengd enska - hópur 2 og 3	2/23/2016	27	16
136	Tryggingastofnun - Þjónustu- og streitustjórnun	1/22/2016	0	4
137	Tölvuleikni - Windows stýrikerfið - Vefnámskeið	9/20/2016	13	18
138	Tölvuleikni - Windows stýrikerfið - Vefnámskeið	4/19/2016	3	18
139	Ugluklettur - Jákvæðni og farsæld í lífi og starfi.	2/24/2016	14	3

140	Upplýsinga- og skjalastjórn - Einnig fjarkennt	11/24/2016	15	6
141	Upplýsinga- og skjalastjórn - Einnig fjarkennt	3/10/2016	30	6
142	Upplýsingamiðlun / Publisher - Vefnámskeið	11/30/2016	12	18
143	Upplýsingamiðlun / Publisher - Vefnámskeið	3/31/2016	22	18
144	Vaktavinna og lýðheilsa - lotur 1, 2 og 3 - Akureyri	4/4/2016	4	28
145	Vaktavinna og lýðheilsa 1 - Lýðheilsa og vaktir	2/1/2016	24	12
146	Vaktavinna og lýðheilsa 2 - Umgjörð kjarasamninga	2/8/2016	11	6
147	Vaktavinna og lýðheilsa 3 - Vaktavinnufyrirkomulag og vinnumenning	2/15/2016	12	12
148	Vaktavinna og lýðheilsa. Lota 3, Vaktavinnufyrirkomulag og vinnumenning - Einnig fjarkennt	11/28/2016	14	11
149	Vaktavinna og lýðheilsa. Námslota 1, Lýðheilsa og vaktir - Einnig fjarkennt	10/24/2016	21	11
150	Vaktavinna og lýðheilsa. Námslota 1, Lýðheilsa og vaktir - Höfuðborgarsvæðið	4/25/2016	17	11
151	Vaktavinna og lýðheilsa. Námslota 2, Umgjörð kjarasamninga - Einnig fjarkennt	10/31/2016	13	6
152	Vaktavinna og lýðheilsa. Námslota 2, Umgjörð kjarasamninga - Höfuðborgarsvæðið	5/2/2016	8	6
153	Vaktavinna og lýðheilsa. Námslota 3, Vaktavinnufyrirkomulag og vinnumenning - Höfuðborgarsvæðið	5/30/2016	9	11
154	Vefsíðugerð - WIX - Vefnámskeið	10/4/2016	17	18
155	Verkefnastjórnun, vinnulag sem virkar	9/19/2016	26	16
156	Verkefnastjórnun, vinnulag sem virkar	5/9/2016	23	16
157	Verkefnastjórnun, vinnulag sem virkar	4/25/2016	26	16
158	Verkefnastjórnun, vinnulag sem virkar	2/9/2016	38	16
159	Viðurkenndur bókari - Endurmenntun Háskóla Íslands	8/5/2016	4	
160	Viðurkenndur bókari - Menntaskólinn í Kópavogi	8/24/2016	8	
161	Viðurkenndur bókari - Opni háskólinn í HR - Fjarnám	8/15/2016	5	132
162	Viðurkenndur bókari - Promennt - Einnig fjarkennt	8/5/2016	2	100
163	Vinnueftirlitið - 20 góð ráð í þjónustusímssvörun - Vefnámskeið	6/30/2016	9	10
164	Vinnueftirlitið - 8 lykjar að árangursríkum tölvupóstsamskiptum - Vefnámskeið	6/30/2016	9	10
165	Vinnueftirlitið - Þjónustustjórnun	3/9/2016	12	2
166	Vönduð íslenska - tölvupóstur og stuttir textar	10/14/2016	8	3
167	Vönduð íslenska - tölvupóstur og stuttir textar	4/13/2016	14	3
168	Vönduð íslenska - tölvupóstur og stuttir textar	2/12/2016	12	3
169	Word ritvinnsla - grunnur - Vefnámskeið	10/4/2016	5	18
170	Word ritvinnsla - grunnur - Vefnámskeið	4/19/2016	13	18
171	Word ritvinnsla, framhald - Vefnámskeið	11/30/2016	3	18
172	Word, framhald - Vefnámskeið	4/14/2016	6	18
173	Þróttur Akureyri - Enska fyrir atvinnulífið, talmál	10/18/2016	15	3
174	Þróttur Akureyri - Veðurfræði	5/18/2016	17	3
175	Þróttur/Kópavogur - Að eiga við erfiða gesti - Hópur 1	10/4/2016	8	6
176	Þróttur/Kópavogur - Að eiga við erfiða gesti - Hópur 1	8/23/2016	11	6
177	Þróttur/Kópavogur - Að eiga við erfiða gesti - Hópur 2	10/11/2016	7	6
178	Þróttur/Kópavogur - Að eiga við erfiða gesti - Hópur 2	8/25/2016	9	6
179	Þróttur/Kópavogur - Að takast á við breytingar - Íþróttahús H1	10/31/2016	7	3
180	Þróttur/Kópavogur - Að takast á við breytingar - Íþróttahús H2	11/2/2016	9	3
181	Þróttur/Kópavogur - Að takast á við breytingar - Sundlaugar H1	11/22/2016	8	3
182	Þróttur/Kópavogur - Að takast á við breytingar - Sundlaugar H2	11/29/2016	8	3
183	Þróttur/Kópavogur - Einelti á vinnustað - Íþróttahús H1	11/1/2016	6	3
184	Þróttur/Kópavogur - Einelti á vinnustað - Íþróttahús H2	11/2/2016	9	3
185	Þróttur/Kópavogur - Einelti á vinnustað - Sundlaugar H1	11/23/2016	8	3
186	Þróttur/Kópavogur - Einelti á vinnustað - Sundlaugar H2	11/30/2016	8	3

187	Próttur/Kópavogur - Ég og bærinn minn - Hópur 1	9/21/2016	9	2
188	Próttur/Kópavogur - Ég og bærinn minn - Hópur 1	8/22/2016	11	2
189	Próttur/Kópavogur - Ég og bærinn minn - Hópur 2	9/28/2016	7	2
190	Próttur/Kópavogur - Ég og bærinn minn - Hópur 2	8/24/2016	10	2
191	Próttur/Kópavogur - Fjölmennning og siðir - Íþróttahús H1	10/31/2016	6	3
192	Próttur/Kópavogur - Fjölmennning og siðir - Íþróttahús H2	11/3/2016	13	3
193	Próttur/Kópavogur - Fjölmennning og siðir - Sundlaugar H1	11/8/2016	7	3
194	Próttur/Kópavogur - Fjölmennning og siðir - Sundlaugar H2	11/15/2016	7	3
195	Próttur/Kópavogur - Sjálfsstyrking og starfsánægja / Hreinsitækni	5/25/2016	12	12
196	Próttur/Kópavogur - Sjálfsstyrking og starfsánægja / Hreinsitækni	5/23/2016	15	12
197	Próttur/Kópavogur - Sjálfsstyrking og starfsánægja / Hreinsitækni	5/3/2016	12	12
198	Próttur/Kópavogur - Sjálfsstyrking og starfsánægja / Hreinsitækni	4/26/2016	12	12
199	Próttur/Kópavogur - Þjónustustjórnun - Að veita góða þjónustu - Hópur 1	9/20/2016	10	5
200	Próttur/Kópavogur - Þjónustustjórnun - Að veita góða þjónustu - Hópur 1	8/22/2016	11	5
201	Próttur/Kópavogur - Þjónustustjórnun - Að veita góða þjónustu - Hópur 2	9/27/2016	8	5
202	Próttur/Kópavogur - Þjónustustjórnun - Að veita góða þjónustu - Hópur 2	8/24/2016	9	5
Samtals			2692	2591,5

Forystufræðsla, nám fyrir trúnaðarmenn og starfsmenn BSRB og ASÍ

Fj.	Námskeið	Dagsetning	Fjöldi þátttakenda	Lengd (klst)
1	Forystufræðsla - Að koma fram í fjölmiðlum	2/23/2016	7	6
2	Forystufræðsla - Að starfa í stjórn stéttarfélags	3/29/2016	21	6
3	Forystufræðsla - Hlutverk stjórnarmanna stéttarfélag og ábyrgð í fjármálum	11/10/2016	4	9
4	Forystufræðsla - Jafnlaunastaðall – jafnlaunavottun - Einnig fjarkennt	9/29/2016	4	3
5	Forystufræðsla - Notkun samfélagsmiðla - Einnig fjarkennt	10/13/2016	15	3
6	Forystufræðsla - Umsjón funda og ólík fundarform	4/12/2016	9	6
7	Forystufræðsla - Vinnustofa um markmið og skipulag	2/9/2016	13	3
8	SFR - Að byggja brýr í samskiptum	4/25/2016	20	3,5
9	SFR - Grunnám trúnaðarmanna SFR og St.Rv.	9/28/2016	1	17,5
10	SFR - Grunnám trúnaðarmanna SFR og St.Rv.	2/16/2016	4	17,5
11	SFR - Kynning á lífeyrissjóðnum LSR	10/18/2016	18	2,15
12	SFR - Nýliðafræðsla trúnaðarmanna	9/19/2016	4	2
13	SFR - Vinnutíminn minn – dagvinna, yfirvinna, vaktavinna	2/11/2016	16	3
14	St.Rv. - Að byggja brýr í samskiptum	4/25/2016	2	3,5
15	St.Rv. - Grunnám trúnaðarmanna St.Rv. og SFR	9/28/2016	4	17,5
16	St.Rv. - Grunnám trúnaðarmanna St.Rv. og SFR	2/16/2016	14	17,5
17	St.Rv. - Lífeyrissjóðsnámskeið St.Rv.	10/26/2016	0	2,5
18	St.Rv. - Nýliðafræðsla	2/4/2016	21	2
19	St.Rv. - Nýliðafræðsla trúnaðarmanna	9/15/2016	2	3
20	St.Rv. - Vinnutíminn minn – dagvinna, yfirvinna, vaktavinna	2/11/2016	4	3
21	St.Rv. - Nýliðafræðsla	2/4/2016	21	2
Samtals			204	132,65

Gott að vita, námskeið SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Fj.	Námskeið	Dagsetning	Fjöldi þátttakenda	Lengd (klst)
1	SFR - Gott að vita - „Listin að smakka“	2/29/2016	14	3
2	SFR - Gott að vita - Að laða til sín það góða	11/17/2016	14	4
3	SFR - Gott að vita - Appaðu þig upp – með lpad!	10/13/2016	9	6
4	SFR - Gott að vita - Bókagerðarnámskeið	3/9/2016	12	9
5	SFR - Gott að vita - Djúpslökun og kyrrð hugans	2/17/2016	28	4
6	SFR - Gott að vita - Er barnið/unglingurinn að hverfa í veröld internetsins?	3/2/2016	7	1,5
7	SFR - Gott að vita - Framkoma og sjálfstraust	10/12/2016	6	6
8	SFR - Gott að vita - Fyllum fremsta bekk! Félagsstörf	2/22/2016	1	5
9	SFR - Gott að vita - Golfnámskeið fyrir byrjendur	5/10/2016	31	4
10	SFR - Gott að vita - Heklaðir skartgripir	4/4/2016	18	12
11	SFR - Gott að vita - Hjólað allt árið!	10/11/2016	5	1,5
12	SFR - Gott að vita - Hönnun og list	3/7/2016	29	4
13	SFR - Gott að vita - lpad kennsla	2/16/2016	13	6
14	SFR - Gott að vita - Jóga	10/5/2016	23	7,5
15	SFR - Gott að vita - Jóga	2/17/2016	23	7,5
16	SFR - Gott að vita - Komdu minningunum á aðgengilegt form	4/12/2016	11	4
17	SFR - Gott að vita - Konfektnámskeið	11/16/2016	15	4
18	SFR - Gott að vita - Konfektnámskeið	11/15/2016	25	4
19	SFR - Gott að vita - Matarsóun	11/9/2016	10	1,5
20	SFR - Gott að vita - Matreiðslunámskeið með Dóru Svavars	10/20/2016	31	4
21	SFR - Gott að vita - Meðvirkni	11/30/2016	15	1,5
22	SFR - Gott að vita - Neðanjarðarganga	4/26/2016	12	1,5
23	SFR - Gott að vita - Núvitund	2/22/2016	16	6
24	SFR - Gott að vita - Núvitund framhaldsnámskeið	11/7/2016	6	6
25	SFR - Gott að vita - Núvitund grunnnámskeið	10/10/2016	12	6
26	SFR - Gott að vita - Sáning og ræktun kryddjurta	3/29/2016	21	3
27	SFR - Gott að vita - Siðfræði í stjórnámálum	11/2/2016	7	1,5
28	SFR - Gott að vita - Skapandi skrif	11/22/2016	8	6
29	SFR - Gott að vita - Skrautritun	4/7/2016	18	6
30	SFR - Gott að vita - Skriðsundnámskeið	10/10/2016	17	8
31	SFR - Gott að vita - Sundnámskeið	2/20/2016	5	6
32	SFR - Gott að vita - Sykur, kolvetni, fita - hvað á ég að borða?	11/8/2016	25	2
33	SFR - Gott að vita - Tvöfalt þrjón	12/5/2016	19	2,5
34	SFR - Gott að vita - Töskur úr kaffipokum	4/19/2016	10	3
35	SFR - Gott að vita - Ukulele	11/1/2016	8	8
36	SFR - Gott að vita - Ukulele	3/1/2016	10	8
37	SFR - Gott að vita - Umbúðalæsi, hvað eru umbúðarmerkingar að segja okkur?	4/20/2016	17	1,5
38	SFR - Gott að vita -Hlaupanámskeið	10/25/2016	9	9
39	St.Rv. - Gott að vita - „Listin að smakka“	2/29/2016	9	3
40	St.Rv. - Gott að vita - Að laða til sín það góða	11/17/2016	10	4
41	St.Rv. - Gott að vita - Appaðu þig upp – með lpad!	10/13/2016	6	6
42	St.Rv. - Gott að vita - Bókagerðarnámskeið	3/9/2016	7	9
43	St.Rv. - Gott að vita - Djúpslökun og kyrrð hugans	2/17/2016	21	4
44	St.Rv. - Gott að vita - Er barnið/unglingurinn að hverfa í veröld internetsins?	3/2/2016	7	1,5
45	St.Rv. - Gott að vita - Framkoma og sjálfstraust	10/12/2016	6	6
46	St.Rv. - Gott að vita - Fyllum fremsta bekk! Félagsstörf	2/22/2016	1	5
47	St.Rv. - Gott að vita - Golfnámskeið fyrir byrjendur	5/10/2016	8	4

48	St.Rv. - Gott að vita - Heklaðir skartgripir	4/4/2016	8	12
49	St.Rv. - Gott að vita - Hjólað allt árið!	10/11/2016	0	1,5
50	St.Rv. - Gott að vita - Hlaupanámskeið	10/25/2016	5	9
51	St.Rv. - Gott að vita - Hönnun og list	3/7/2016	18	4
52	St.Rv. - Gott að vita - Ipad kennsla	2/16/2016	5	6
53	St.Rv. - Gott að vita - Jóga	10/5/2016	0	7,5
54	St.Rv. - Gott að vita - Jóga	2/17/2016	27	7,5
55	St.Rv. - Gott að vita - Jóga	2/17/2016	18	7,5
56	St.Rv. - Gott að vita - Komdu minningunum á aðgengilegt form	4/12/2016	7	4
57	St.Rv. - Gott að vita - Konfektnámskeið	11/16/2016	10	4
58	St.Rv. - Gott að vita - Konfektnámskeið	11/15/2016	11	4
59	St.Rv. - Gott að vita - Matarsóun	11/9/2016	4	1,5
60	St.Rv. - Gott að vita - Matreiðslunámskeið með Dóru Svavars	10/20/2016	30	4
61	St.Rv. - Gott að vita - Meðvirkni	11/30/2016	10	1,5
62	St.Rv. - Gott að vita - Neðanjarðarganga	4/26/2016	8	1,5
63	St.Rv. - Gott að vita - Núvitund	2/22/2016	12	6
64	St.Rv. - Gott að vita - Núvitund framhaldsnámskeið	11/7/2016	6	6
65	St.Rv. - Gott að vita - Núvitund grunnnámskeið	10/10/2016	11	6
66	St.Rv. - Gott að vita - Sáning og ræktun kryddjurta	3/29/2016	17	3
67	St.Rv. - Gott að vita - Siðfræði í stjórnámálum	11/2/2016	2	1,5
68	St.Rv. - Gott að vita - Skapandi skrif	11/22/2016	2	6
69	St.Rv. - Gott að vita - Skrautritun	4/7/2016	17	6
70	St.Rv. - Gott að vita - Skriðsundnámskeið	10/10/2016	12	8
71	St.Rv. - Gott að vita - Sundnámskeið	2/20/2016	9	6
72	St.Rv. - Gott að vita - Sykur, kolvetni, fita - hvað á ég að borða?	11/8/2016	23	2
73	St.Rv. - Gott að vita - Tvöfalt þrjón	12/5/2016	10	2,5
74	St.Rv. - Gott að vita - Töskur úr kaffipokum	4/19/2016	5	3
75	St.Rv. - Gott að vita - Ukulele	11/1/2016	5	8
76	St.Rv. - Gott að vita - Ukulele	3/1/2016	8	8
77	St.Rv. - Gott að vita - Umbúðalæsi, hvað eru umbúðarmerkingar að segja okkur?	4/20/2016	4	1,5
Samtals			939	375,5